

Landsnet
Ólafur Árnason
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

2008030095
8717; 0000; 1400;
2000; 1000; 1100;
1300; 1604; 1603;
2506; 2300; 2503;
9310

Reykjavík, 26. mars 2009
/--

Efni: Suðvesturlínur. Styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets að matsáætlun um lagningu suðvesturlína, styrkingu raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 27. janúar 2009 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Landsnet. Suðvesturlínur. Styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi. 23. janúar 2009.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Sveitarfélaginu Álftanesi, Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Sveitarfélaginu Vogum, Sveitarfélaginu Garði, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Hitaveitu Suðurnesja, Neytendastofu, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfum dags. 26. febrúar og 16. mars 2009, Mosfellsbæ með bréfi dags. 24. febrúar 2009, Garðabæ með tölvupósti dags. 2. mars 2009, Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 11. febrúar 2009, Kópavogsbæ með bréfi dags. 20. febrúar 2009, Seltjarnarnesbæ með bréfi dags. 2. mars 2009, Sveitarfélaginu Álftanesi með bréfi dags. 17. febrúar 2009, Reykjanesbæ með bréfi dags. 4. febrúar 2009, Grindavíkurbæ með bréfi dags. 16. mars 2009, Sveitarfélaginu Vogum með bréfi dags. 11. febrúar 2009, Sveitarfélaginu Garði með tölvubrési dags. 26. febrúar 2009, Ferðamálastofu með bréfi dags. 11. febrúar 2009,

Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags.12. febrúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 13. febrúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags.16. febrúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags.19. febrúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 16. febrúar 2009, Hitaveitu Suðurnesja með bréfi dags.10. febrúar 2009, Neytendastofu með bréfi dags.11. febrúar 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 16. febrúar 2009, Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags.13. febrúar 2009, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags.13. febrúar 2009, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. febrúar 2009 og Vegagerðinni með bréfi dags. 18. febrúar 2009. Skipulagsstofnun barst orðsending frá skrifstofu borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 30. janúar 2009 þess efnis að umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar væri vísað til umsagnar umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun bárust athugasemdir frá Landvernd með bréfi dags. 13. febrúar, Náttúruverndarsamtökum Íslands með tölvupósti dags. 13. febrúar 2009 og Guðmundi H. Gíslasyni ofl. með bréfi dags. 16. febrúar 2009. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 18. og 23. febrúar, 3.mars og með tölvubréfi dags.10. mars 2009.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Í umsögnum Sveitafélagsins Ölfuss kemur m.a. eftirfarandi fram: *"Sveitarfélagið Ölfus telur að ofangreindar framkvæmdir, séu ekki ásættanlegar vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Sjónræn áhrif framkvæmdanna á landsvæði innan marka sveitarfélagsins eru veruleg og algjörlega óásættanleg að mati Sveitarfélagsins Ölfuss."* Ennfremur segir: *"Sveitarfélagið Ölfus getur því ekki annað en lagst gegn fyrirhugaðri framkvæmd, að svo stöddu að minnsta kosti"*. Skipulagsstofnun bendir á að breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 voru staðfestar af umhverfisráðherra 18. desember 2008 og tóku breytingarnar m.a. til legu þeirra háspennulína sem fjallað er um í tillögu að matsáætlun Landsnets. Fyrirhuguð framkvæmd er því í samræmi við staðfest aðalskipulag sveitarfélagsins. Þrátt fyrir umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss, sem er einn leyfisveitenda fyrirhugaðra framkvæmda, telur Skipulagsstofnun ekki efni standa til annars en að fallast á tillögu að matsáætlun Landsnets með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Landsnets dags. 18. og 23. febrúar, 3. mars og með tölvubréfi dags. 10. mars 2009 og með eftirfarandi athugasemdum. Landsneti er síðan í sjálfsveld sett hvort að fyrirtækið heldur áfram matsvinnu og leggur fram frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar sem fer í kynningu og til umsagnar ofangreindra umsagnaraðila.

Tengdar framkvæmdir/Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2.1 í tillögu að matsáætlun er m.a. fjallað um tengdar framkvæmdir. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um hversu mikla raforku fyrirhugað er að framleiða í hinum mismunandi virkjunum/orkuverum, samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum og hver sé þörf hugsanlegra kaupenda að orkunni, m.a. álvers í Helguvík, netþjónabús á Keflavíkurflugvelli og kisilmálmverksmiðju í Helguvík, sbr. kafla 2.2. í tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 2.2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðstrengi. Skipulagsstofnun vill leggja áherslu á að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram samanburður á áhrifum af lagningu háspennulínu sem loftlínu eða sem jarðstrengs á hina mismunandi umhverfisþætti, auk fyrirætlana Landsnets um samanburð hvað varðar kostnaðar- og rekstrarþætti. Þá hafa Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands bent á í athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða nýlagningu loftlínu frá Reykjanesvirkjun vestan Sýrfells að tengivirki á Njarðavíkurheiði að samtökin hafi gert samkomulag við Hitaveitu Suðurnesja árið 2005 um að fram fari athugun á því að loftlína frá virkjuninni að Sýrfelli verði lögð sem jarðstrengur ef viðunandi tæknilegar forsendur séu fyrir hendi. Landsnet hefur í svörum sínum bent á að þar sem jarðstrengsleiðin liggi nálægt háhitasvæði muni það hafa áhrif á rekstraröryggi háspennulínunnar og því sé jarðstrengur ekki kostur á þessari leið. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla nánar um fyrrnefnt samkomulag og aðkomu Landsnets að því, m.a. hvort að einhverjar athuganir hafi farið fram sem útiloki að jarðstrengur væri lagður á fyrrnefndum kafla. Ljóst er að þegar samkomulagið var gert þá lágu fyrir upplýsingar um háhitasvæði og hugsanlega erfiðleika um jarðstrengslögn innan þess svæðis. Samkomulagið gekk hins vegar út á að fram færi athugun á útbreiðslu jarðhita á yfirborði og nákvæm vöktun á skjálftavirkni m.t.t. áhættu við lagningu jarðstrengs um ofangreint svæði.

Skipulag og leyfi

Í kafla 2.4 er fjallað um leyfi. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu komi skýrt fram þau leyfi sem framkvæmdaraðili þarf að sækja um til viðkomandi heilbrigðisnefnda, m.a. að allir þættir fyrirhugaðra framkvæmda innan grann- og brunnsvæða séu leyfisskyldir.

Mat á umhverfiskostnaði/verðmætum lands

Í athugasemdum Landverndar kemur fram að umhverfiskostnaður geti verið allverulegur fyrir samfélagið þegar um mannvirki eins og flutningsmannvirki er að ræða, enda gengið á almannagæði. Í nágrannalöndunum bæði austan hafs og vestan sé slíkur kostnaður metinn og gerðar kostnaðar-ábatagreiningar áður en ákvarðanir eru teknar um að ráðast í framkvæmdir sem hafi umtalsverð áhrif á umhverfi. Þótt ekki séð lögbundið í matsferli á Íslandi að meta umhverfiskostnað telji Landvernd rétt að slíkt sé gert og að tilmælum sé beint til framkvæmdaraðila um að láta slíkt mat fara fram

Skipulagsstofnun er meðvituð um tilvist aðferða til að meta til fjár þau náttúrulegu verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir, s.s. skilyrt verðmætamat og kostnaðar-ábatagreiningu. Ekki hefur skapast hefð við að beita slíkum aðferðum hérlendis við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þessi aðferðafræði er umdeild og hefur m.a. verið bent á, að það að setja verðgildi á umhverfisþætti geti haft í för með sér að þau einkenni áhrifa sem framkvæmd getur haft í för með sér á umhverfið, t.d. „óafturkræf áhrif“ falli í skuggann af verðgildinu.

Skipulagsstofnun telur að aðferðir við að meta náttúruleg verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir eigi í sumum tilfellum rétt á sér í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, en að í tilfelli fyrirhugaðra framkvæmda sé alls óvíst hver sé ávinningur af slíku mati.

Skipulagsstofnun telur hins vegar mikilvægt að við mat á umhverfisáhrifum háspennulínanna sé lögð áhersla á samanburð á áhrifum lagningar háspennulína sem loftlínur og sem jarðstrengur á umhverfisþætti eins og t.d. sjónræn áhrif, áhrif á landslag, jarðmyndanir, ferðamennsku og útivist og landnotkun og samfélag auk hugsanlegra áhrifa á vatnsverndarsvæði, fugla, gróður og fornleifar. Við þá vinnu þarf að horfa til einkenna áhrifanna (bein, óbein, jákvæð, neikvæð, varanleg, tímabundin, afturkræf, óafturkræf, samvirk og sammögnuð).

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.4.10 er fjallað neysluvatn og vatnsvernd. Þar kemur m.a. fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði er að hluta innan grann- og brunnsvæðis vatnsverndar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði fjallað ítarlega um aðgerðir sem eiga að koma í veg fyrir mengun neysluvatns auk umfjöllunar um viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa. Skipulagsstofnun bendir á, í samræmi við umsagnir Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, að í frummatsskýrslu komi fram að ekki verði um framkvæmdir á grannsvæðum að ræða á tímabilinu frá byrjun nóvember til loka mars.

Sameiginlegt mat

Í athugasemdum Landverndar og Náttúrusamtaka Íslands kemur m.a. fram að fjalla eigi með heildstæðum hætti um orkuöflun og orkuflutninga á umræddu landssvæði að öðrum kosti verði ekki unnt að meta sammögnunaráhrif framkvæmda. Í athugasemdunum er þess farið á leit við Skipulagsstofnun, með tilvísun til 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, að gera framkvæmdaraðilum að meta sameiginlega allar matsskyldar framkvæmdir sem tengjast lagningu suðvesturlína. Beiðni Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands felur í sér að sameiginlegt mat skuli taka til styrkingar raforkuflutningskerfisins, þeirra virkjana sem eiga eftir að fara í mat á umhverfisáhrifum og í athugasemdum eru tilgreind sérstaklega Eldvörp, Trölladyngju, Sandfell, Seltún og Austurengjar sem þjóna eigi orkuþörf álvers í Helguvík, auk raflína frá þeim inn á raforkukerfið. Í matsskýrslu álvers í Helguvík voru umrædd svæði tilgreind sem virkjanakostir vegna fyrirhugaðs álvers. Í kjölfar þessarar kröfu hefur Skipulagsstofnun tekið ákvörðun dags. 25. mars 2009, skv. 2. mgr. 5. gr. í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, að framkvæmdin Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi skuli ekki metin með öðrum framkvæmdum sem tengjast álveri í Helguvík. Vísað er í fyrirnefnda ákvörðun um nánari umfjöllun um sameiginlegt mat.

Rannsóknir-Kort

Í kafla 4.4 í tillögu að matsáætlun er m.a. getið rannsókna sem ráðist hefur verið í vegna mats á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á hina mismunandi umhverfisþætti. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að koma fram að höfundar sérfræðiskýrsla hafi lesið yfir viðkomandi kafla í frummatsskýrslu sem fjallar um rannsóknir og athuganir þeirra og byggja á sérfræðiskýrslunum. Þá vill Skipulagsstofnun benda á að í frummatsskýrslu þarf að birta eitt yfirlitskort af öllu framkvæmdarsvæðinu sem sýnir mörk friðlýstra svæða, svæða á náttúruminjasrá og vatnsverndarsvæða.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Sveitarfélagið Álftanes, Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sveitarfélagið Vogar, Sveitarfélagið Garður, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hitaveita Suðurnesja, Neytendastofa, Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands og Guðmundur H. Gíslason.